

Ed.

1110. Nefndarálit

[442. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, sbr. l. nr. 77/1985.

Frá minni hl. félagsmálanefndar.

Ríkisstjórn og stjórnarliðar halda því fram að frumvarp þetta gjörbreyti uppbyggingu húsnæðiskerfisins. Það er ekki rétt. Það verður engin breyting á neinu öðru en því hvernig einstaklingar ávinna sér lánsrétt, og sú breyting er síst til bóta. Það sem áður voru almenn réttindi er nú orðið að sérréttindum. Réttur einstaklinga til húsnæðislána er notaður til að kúga fé út úr lífeyrissjóðunum. Þessi fjárkúgunaraðferð vekur grun um að ríkissjóður ætli sér ekki, eða treysti sér ekki með vissu til, að uppfylla ávöxtunar- og endurgreiðsluloforð sín við lífeyrissjóðina. Ef ríkissjóður byði lífeyrissjóðunum þá ávöxtun af skuldabréfum Húsnæðisstofnunar sem boðin er af spariskírteinum þá ættu kaup lífeyrissjóðanna að vera sjálfgerð. Þessi grunur styrkist þegar fulltrúar ASÍ og VSÍ eru gerðir pólitískt samábyrgir með aðild sinni að stjórn stofnunarinnar.

Hafi einstaklingar uppfyllt ósanngjörn sérréttindaskilyrði til lántöku standa þeir frammi fyrir því að ákveða hvað þeir ætla að gera, byggja eða kaupa notað eða nýtt. Við nánari athugun kemur í ljós að markmið stjórnvalda hafa í engu breyst né þeirra hagsmunaaðila sem eru höfundar frumvarpsins. Fólk skal byggja. Með þeirri lánastefnu, sem framfylgt hefur verið undanfarna áratugi, hefur verið stuðlað að örri fjölgun byggðra fermetra á mann og nú er svo komið að Íslendingar búa við mestan húsakost allra þjóða í veröldinni. En hin hliðin á því máli er sú að nýting íbúðarhúsnæðis hér á landi er slök. Lánastefnan hefur stuðlað að offjárfestingu.

Rökrétt afleiðing af þessum staðreyndum er auðvitað að leggja meiri áherslu á lán til kaupa á notuðu húsnæði en nýju. Þetta hefur verið kallað *húsnýtingarstefna* en hún verður ekki að veruleika nema lántakendur sjái hag sínum betur borgið í kaupum á notuðu húsnæði en nýju. Húsnýtingarstefnan viðheldur líka verðgildi notaðs húsnæðis í stað taps í réttu hlutfalli við síaukna áherslu á nýbyggingar og útþenslu byggðar.

Hlutur landsbyggðarinnar er líka hraklega fyrir borð borinn í þessu frumvarpi vegna þess að verðgildi eigna landsbyggðarfólks er enn háðara stefnu stjórnvalda í húsnæðislánamálum en á höfuðborgarsvæðinu.

Ekki verður séð hvers vegna gert er upp á milli lánaflokka hvað lánstíma snertir með þeim hætti sem gert er í frumvarpinu og er þar átt við lán til viðhalds, endurbóta og viðgerða. Um þau hljóta að gilda fyrrgreind viðhorf, þ.e. að það hlýtur að vera kappmál að viðhalda verðgildi þeirra eigna sem nú eru í notkun.

Minni hl. nefndarinnar telur að gallarnir á frumvarpinu eigi rætur að rekja til þess að þeir, sem móta meginstefnu frumvarpsins, eru gæslumenn sérhagsmuna en ekki almennra hagsmuna eins og alþingismönnum er ætlað að vera.

Í samræmi við álit þetta eru fluttar nokkrar breytingartillögur við frumvarpið.

Minni hl. mælir ekki með því að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 23. apríl 1986.

Stefán Benediktsson.